



Skóla- og frístundaráð

Tilaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um niðurstöðu PISA 2022

Á fundi borgarstjórnar þann 12. desember 2023 var samþykkt með 22 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að beina því til skóla- og frístundasviðs að kalla eftir því við Menntamálastofnun að teknar verði saman sundurgreindar niðurstöður úr PISA könnuninni 2022 niður á hvern þátttökuskóla í Reykjavík. Í framhaldinu óski sviðið eftir aðgangi að upplýsingunum og geri þær aðgengilegar skólastjórnendum og skóla- og frístundaráði. Niðurstöðurnar verði notaðar sem mælitæki til að meta árangur einstakra skóla, meta hvar úrbóta reynist þörf og setja grunnskólum borgarinnar mælanleg markmið í þágu umbóta og framfara.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður þessa tillögu. Allar upplýsingar um PISA þurfa að liggja á borðinu til að hægt sé að læra af þeim. Gagnsæi er bara sjálfsagt í lýðræðisríki. Hver er tilgangurinn með því að halda upplýsingum frá almenningi? Við verðum að horfast í augu við þessar niðurstöður og nota allar upplýsingar könnunarinnar til að byggja undir nýjar ákvarðanir sem leiða vonandi til betri árangurs. Það hlýtur að vera gríðarlega mikilvægt fyrir hvern og einn skóla, yfirvöld og einnig foreldra að geta rýnt í sundurgreindar upplýsingar um árangur hvers skóla í einstökum greinum til að draga af þeim lærdóm. Við vitum að gögnin varpa mögulega ekki með skýrum hætti ljósi á niðurstöður einstakra skóla en eru engu að síður mikilvæg. Það hlýtur að vera gagnlegt fyrir skólana að fá endurgjöf og sjá hvernig einstakir skólar standa og hvernig einstaka sveitarfélög standa sig. Þar með er hægt að sjá hvar gera þarf betur og læra af þeim sem eru að gera vel. Meiri upplýsingar eru ávallt af hinu góða og eina leiðin til að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að borgin kalli eftir sundurgreindum niðurstöðum úr PISA 2022

Borgarstjórn samþykkir að beina því til skóla- og frístundasviðs að kalla eftir því við Menntamálastofnun að teknað verði saman sundurgreindar niðurstöður úr PISA könnuninni 2022 niður á hvern þátttökuskóla í Reykjavík. Í framhaldinu óski sviðið eftir aðgangi að upplýsingunum og geri þær aðgengilegar skólastjórnendum og skóla- og frístundaráði. Niðurstöðurnar verði notaðar sem mælitæki til að meta árangur einstakra skóla, meta hvar úrbóta reynist þörf og setja grunnskólum borgarinnar mælanleg markmið í þágu umbóta og framfara.

Greinargerð

Niðurstöður úr PISA 2022 bera íslensku skólakerfi ekki fagurt vitni. Könnunin mælir hæfni 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúruvísindi og læsi á stærðfræði. Niðurstöðurnar sýna versnandi árangur íslenskra skólabarna og ættu að valda borgarstjórn töluverðum áhyggjum.

Ísland mælist undir OECD meðaltali í stærðfræðilæsi, lesskilningi og læsi á náttúruvísindi. Sé einungis litið á árangur grunnskólabarna í Reykjavík mælist færni þeirra jafnframt undir OECD meðaltali og Norðurlandameðaltali í öllum mældum þáttum.

Lesskilningur	Heild	Stúlkur	Drengir
OECD meðaltal	476	488	464
Norðurlandameðaltal	476	494	458
Reykjavík	451	467	434
Læsi á stærðfræði	Heild	Stúlkur	Drengir
OECD meðaltal	472	468	477
Norðurlandameðaltal	477	475	478
Reykjavík	470	466	473
Læsi á náttúruvísindi	Heild	Stúlkur	Drengir
OECD meðaltal	485	485	485
Norðurlandameðaltal	485	490	480
Reykjavík	460	466	454

Lægra hlutfall barna hérlendis býr yfir grunnhæfni og afburðahæfni borið saman við meðaltal Norðurlandanna og OECD. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að lægra hlutfall drengja nær grunnhæfni í bæði lesskilningi og læsi á náttúruvísindi. Þannig ná 61% drengja grunnhæfni í læsi á náttúruvísindi á móti 68% stúlkna. Kynjamunurinn er meiri þegar kemur að lesskilningi en þar ná 53% drengja grunnhæfni á móti 68% stúlkna. Þó má undirstrika að hvort sem litið er til stúlkna eða drengja, er niðurstaðan óviðunandi.

Þá vekur það töluverðar áhyggjur að nemendur sem eiga foreldra í lakari félags- og efnahagslegri stöðu koma verr út í könnuninni. Merki eru um að ójöfnuður aukist hvað varðar námsárangur á Íslandi, einkum í lesskilningi. Þessi niðurstaða er skýrasta birtingarmynd þess að ekki megi varpa ábyrgðinni alfarið á heimilunum, enda hafa ekki öll börn slíkan stuðning heima fyrir.

Árin 2012 og 2015 lágu fyrir niðurstöður úr PISA könnuninni sem sundurgreindar voru niður á hvern skóla í Reykjavík. Niðurstöðurnar gáfu skólastjórnendum tækifæri til að greina hvar

úrbóta var þörf í þeirra skólastarfi og hvaða umbætur gætu reynst nauðsynlegar. Gaf upplýsingagjöfin mörgum skólum áþreifanlegt tækifæri til framfara, en ráðist var í ýmsar aðgerðir á grundvelli niðurstaðnanna sem skiluðu raunverulegum árangri.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja nauðsynlegt að grunnskólar Reykjavíkur fái fleiri tækifæri til að vinna eftir mælanlegum markmiðum í sínu skólastarfi. PISA könnunin er gagnleg mæling á skólakerfum innan OECD, sem því miður hefur gefið skólakerfi Reykjavíkur slæma einkunn. Kostir þess að afla frekari upplýsinga um niðurstöður grunnskóla Reykjavíkur í PISA 2022 eru fjölmargir, en með upplýsingaöfluninni mætti gefa skólastjórnendum öflugt tæki til að greina vankanta í skólastarfinu og ráðast í umbætur.

Það er ástæða til að líta niðurstöður úr PISA 2022 alvarlegum augum. Niðurstöðurnar mæla skólakerfi borgarinnar undir OECD meðaltali og meðaltali Norðurlanda í öllum mældum greinum. Það er ábyrgðarhluti að þeir sem fara með pólitískt ákvörðunarvald bregðist við slíkum niðurstöðum af þunga. Reykvískir skattgreiðendur munu á næsta ári verja tæplega 66 milljörðum í kerfi leik- og grunnskóla í borginni, en bæði kerfi hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að málþroska og læsi barna. Það er eðlilegt að borgarstjórn geri þá kröfu að kerfin sem við stýrum og fjármögnum skili árangri. Til þess þarf að nýta aðgengilegar upplýsingar svo skólarnir geti sett sér mælanleg markmið í þágu umbóta og framfara.

Skólakerfið er eitt mikilvægasta jöfnunartækið sem íslenskt samfélag býr yfir. Það er mikilvæg grunnstoð sem verður að geta tryggt öllum börnum þá grunnfærni sem reynast mun nauðsynleg svo þau geti notið jafnra tækifæra og orðið virkir þátttakendur í okkar samfélagi.